

---

15.MAÍ 2024



# UMSÖGN VEGNA ÞINGSKJALS 1378 – 931. MÁL

**BRIDGESAMBAND  
ÍSLANDS**

Matthias Imsland  
**Framkvæmdastjóri**

Frumvarp til laga um afrekssjóð í skák er vitaskuld mjög jákvætt mál. Enda blómlegt starf sem er stundað í skák víða um land.

Vill Bridgesambandið þó benda á að mikilvægt er að gleyma ekki Bridgehreyfingunni og því öfluga starfi sem er stundað í Bridgehreyfingunni. Væri því sanngirnismál að sambærilegt frumvarp kæmi fram þar sem afreksfólk í Bridge gæti sótt um í afrekssjóð.

Talið er að um 20.þúsund manns spili Bridge á Íslandi og er spilað í nánast flestum bæjarfélögum á landinu. Talið er að um 220.milljón manns spili Bridge í heiminum en til samanburðar er talið að um 30.milljónir spili handbolta í heiminum.

Ísland varð heimsmeistari í Bridge 1991 þegar Íslenska liðið vann Pólverja í úrslitaleik sem stóð yfir í þrjá daga og lauk 11. október. Auk þess hefur Ísland náð góðum árangri á alþjóðlegum mótum víða um heim. Má þar t.d. nefna árangur Jóns Baldurssonar sem vann Generali master, óopinbera heimsmeistarakeppni í einmenningi árið 1994, vann Transnational sveitakeppni, heimsmeistarakeppni í blönduðum flokki árið 1996 og varð tvisvar Norður-Ameríkumeistari.

Sambandið hefur unnið að því að efla barna- og unglingastarf. Verkefni sem hefur verið sett í algjöran forgang. Það er þó erfitt að halda úti afreksstarfi og myndi því afrekssjóður Bridge gjörbreyta öllu afreksstarfi.

Sambandið hefur einnig verið að efla kennslu í Bridge. Við tókum stór skref í framhaldsskólabridge á árinu. Eitt af því sem hefur verið áherslumál hjá okkur er að fá iðkendur sem hafa ekki fundið sig í öðru starfi. en hafa svo fundið sig í bridge. Þó Bridgesambandið hafi verið með mjög mikla áherslu á jafnréttismál undanfarnin ár sjáum við að brottfall drengja úr framhaldsnámi er oft út af skilningsleysi kerfisins og skorti á verkfærum fyrir þá. Eitthvað til að auka áhuga og kalla fram styrk þeirra og félagsfærni. Höfum við séð að þessi hópur finnur sig oft í bridge. Þarna er komið verkfæri til að efla viðkomandi ungmenni og búa frekar undir framtíðina. Þetta er verkefni sem Bridgesambandið mun halda áfram að hafa í forgrunni.

Eins höfum við séð erlendar rannsóknir sem sýna að krakkar sem læra bridge efla námsárangur sinn, ekki síst þegar kemur að raungreinum.

Ísland hefur náð framúrskarandi árangri í Bridge á heimsmeilivarða og efniviðurinn er svo sannarlega til staðar til að ná áfram góðum árangri. Skorar því Bridgesambandið á Alþingi að koma á laggirnar afrekssjóð Bridge á Íslandi. Þar sem afreksfólk og efnilegir Bridgespilurarar gætu sótt um stuðning.

Bridge gerir lífið skemmtilegra!